



Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

11.ágúst 2014

Mættir:

Haraldur Eyvinds -formaður	Erla Kristín Árnadóttir- kraftld. boðaði forföll
Guðjón Norðfjörð – gjaldkeri boðaði forföll	Guðrún Edda Haraldsdóttir - fimleikadeild
Hreinn Októ Karlsson – ritari	Arnar Þorkelsson – handknattleiksdeild
Hafdís Guðmundsdóttir -meðst	Hilmar Sigurðsson– knattspyrnudeild
Ásta Sigvaldadóttir - verkefnastjóri	Kristín Finnbogadóttir – framkvæmdarstj.
Ragnar Rafnsson -varaformaður	Pétur Blöndal- varamaður kom ekki
Bryndís Emilsdóttir- varamaður	

Dagskrá:

1. Yfirlit deilda
 2. Gróttudagur 30.ágúst-bæjarhátíð
 3. Haustbyrjun og tímatafla
 4. Önnur mál
-

1. Yfirlit deilda

Handknattleiksdeild

Starf gengur vel. Í meistaraflokk kvenna eru komnir 2 nýjir leikmenn sem styrkja liðið mikið og eru það þær Anna Úrsúla Guðmundsdóttir og Karólína Bæhrens og verið er að vinna í því að fá Evu Margréti Kristinsdóttur til að taka fram skóna og spila með meistaraflokki í vetur. Meistaraflokkur karla hefur misst nokkra sterka leikmenn og verður veturinn erfiður þar. Er verið að fá markmann ástralska landsliðsins til reynslu. Arnar sagði að 1.deildin væri ekki eins sterk eins og undanfarin ár og ætti Grótta að vera að berjast um úrvalsdeildarsæti með núverandi mannskap. Búið er að ráða þjálfara fyrir veturinn hjá yngri flokkunum. Handboltaskóli Gróttu er kominn á fullt og eru um 100 börn skráð í hann og sjá Davíð Hlökkversson og Arndís María Erlingsdóttir um hann. Jakob Lársson hefur verið ráðinn starfsmaður handknattsdeildar. Arnar ræddi um að





Það þyrfti að auka fjármagn til deildarinnar, Grótta væri langt á eftir öðrum liðum í þeim efnum. Spennandi vetur er framundan hjá handknattleiksdeildinni.

Kraftlyftingadeild.

Engin fulltrúi mætti.

Knattspyrnudeild

Verið er að fara í ráðningu á yfirþjálfara og verða einhverjar breytingar á þjálfurum hjá knattspyrnudeild í vetur. Verið er að vinna í fjárhagsáætlun. Rætt hefur verið við KR um áframhaldandi samstarf í kvennaboltanum. Meistaraflokkur karla er að á góðu skriði um þessar mundir. Eru í góðri stöðu í að komast upp um deild. 7 leikir eftir hjá þeim og sagði Hilmar ef 3 þeirra ynnust væri nokkuð öruggt að Grótta kæmist upp um deild. Næsti leikur er við Ægi 12. ágúst á heimavelli. Nokkuð er um meiðsl í hópnum og svo er einhverjir að fara utan til náms. Ekki var bætt við leikmenn í glugganum núna.

Fimleikadeild.

Það fór 20 manna hópur frá Gróttu á Euro Gym í Svíþjóð í sumar og stóð sig rosalega vel. Þjálfari fimleikadeildar Rebecca er komin með leyfi til starfa á Íslandi a.m.k í 1.ár. Almenn ánægja með hana og sátt. Það eru smá vandræði eins og vanalega á haustin að ráða þjálfara fyrir deildina, skólakrakkarnir að bíða eftir stundatöflu. Fimleikaskóli Gróttu komin af stað og gengur rosa vel, 40 börn skráð og fór það fram úr björtustu vonum og þurfti að kalla út auka starfsmann fyrsta daginn. Búið er að skrá 259 stúlkur og 60 drengi í deildina eins og staðan er í dag.

2. Gróttudagur 30. ágúst –bæjarhátíð

Rætt var um Gróttudag og hvað ætti að gera á honum og var ákveðið að hafa hann með svipuðu sniði og undanfarin ár. Hópatríði kæmi frá Svíþjóðarhópi fimleikadeildar og svo verður talað við yfirþjálfara í hverri deild um hvaða hópar ættu að keppa hjá þeim. Svo kom hugmynd frá ballnefndarhópi um að hafa Hverfaleika, keppni á milli hverfa og var vel tekið í það og verður það viðbót við Gróttudag. Rætt var um að setja upp Gróttubúðina á vellinum og passa að hafa nóg af vörum til sölu. Ræða á við ballnefndina um framhaldið og stöðuna. Ingó og veðurguðirnir sjá um stuðið á ballinu. Lítið sem ekkert hefur heyrst frá bænum varðandi bæjarhátíðina.

3. Haustbyrjun og tímatafla

Kári yfirþjálfari handknattsdeildar er farinn að raða niður tímum í íþróttahúsi og bíður fimleikadeild eftir að hann sé búinn, til að sjá hvort einhverjir tímar verða lausir fyrir fimleikadeild. Tímatafla frá því í hitteðfyrri verður notuð, tafla síðasta árs fór öll í rugl. Grunnskóli Seltjarnarness hefur fengið hátíðarsal Gróttu til umráða 4 morgna í viku undir danskennslu og er því salurinn upptekinn alla virka morgna því eldri borgarar eru með einn morgun fyrir sig.

Beðið er með ráðningu yfirþjálfar knattspyrnudeildar.





4. Önnur mál

Hilmar sagði frá því að Pétur Steinn Þorsteinsson væri að fara að skrifa undi atvinnumannasamning í knattspyrnu við AIK í Svíþjóð. Grótta mun fá uppeldisbætur fyrir hann. Er þetta í fyrsta skipti sem þetta gerist hjá Gróttu og eru allir í skýjunum yfir þessu. Glæsilegt Pétur!

Guðrún Edda áréttaði að fimleikadeild óskaði eftir tímum í græna salnum og verður það skoðað

Fundi slitið 20:56

